

Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks

Ár 2023, fimmtudaginn 7. desember var 67. fundur aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 10.06. Fundinn sátu: Elísabet Guðrúnar Jónsdóttir, Þorkell Sigurlaugsson, Hallgrímur Eymundsson, Lilja Sveinsdóttir, Ingólfur Már Magnússon og Björgvin Björgvinsson. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til heimildar í 2. málsl. 4. mgr. 44. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar sbr. 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar varðandi fjarfundaheimild: Anna Kristín Jensdóttir. Eftirtaldir starfsmenn sátu fundinn: Þórdís Linda Guðmundsdóttir og Anna Kristinsdóttir. Valgerður Jónsdóttir ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram drög að umsögn aðgengis- og samráðsnefndar um stafræna stefnu Reykjavíkurborgar dags. 7. desember 2023. ÞON23010021 Samþykkt.
2. Lagt fram erindi aðgengis- og samráðsnefndar um upplýsingar um aðgengismál sundlauga á vef Reykjavíkurborgar til menningar- og íþróttasviðs. MSS23120016 Samþykkt að vísa til meðferðar menningar- og íþróttasviðs.
3. Lagður fram aðgengisgátlisti að viðburðum innanhúss. MSS22010199 Samþykkt að senda aðgengisgátlistann til sviða Reykjavíkurborgar til upplýsingar.
4. Fram fer umræða um upplýsingavef um framkvæmdir í Reykjavíkurborg. MSS23120018
5. Lagt fram fundadagatal 2024. MSS23120020
6. Lögð fram svohljóðandi fyrirspurn aðgengis- og samráðsnefndar:

Hvað hafa margir grunnskólar fengið fræðslu frá ADHD samtökunum á ári, síðastliðin tvö ár? Hvað hafa margir grunnskólar haldið upp á Bláan apríl/Einstakan apríl/Alþjóðlegan dag einhverfra 2. apríl á ári, síðastliðin tvö ár?

Vísað til umsagnar skóla- og frístundasviðs.

Fundi slitið kl. 10.44

Elísabet Guðrúnar Jónsdóttir

Björgvin Björgvinsson
Ingólfur Már Magnússon
Þorkell Sigurlaugsson
Hanna Björk Kristinsdóttir

Lilja Sveinsdóttir
Unnur Þöll Benediktsdóttir
Hallgrímur Eymundsson